

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 858.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 858.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

17% söluskattur, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu, ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, er innifalið í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 351 12. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 1. apríl 1975.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 145 frá 30. apríl 1975 um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Við lista yfir vörur, sem felldur er niður söluskattur af frá og með 1. maí 1975, bætist eftirfarandi:

Tollskrárnúmer: Vöruheiti:

21.02.10	Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnunum.
21.02.20	Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða mate og vörur úr þessum efnunum.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.